



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

ÁRSRIT 2019

www.sak.is



Sjúkrahúsið á Akureyri

Ársrit 2019

Útgefandi: Sjúkrahúsið á Akureyri, september 2020

Ábyrgðarmaður: Bjarni Jónasson, forstjóri

Umsjón og textagerð: Sjúkrahúsið á Akureyri & FREMRI Almannatengls

Umbrot: Sjúkrahúsið á Akureyri - Ingveldur Tryggva Petreudóttir

Prófarkalestur: FREMRI Almannatengls

Ljósmyndir: Sjúkrahúsið á Akureyri

Fylgt úr hlaði: Fagmennska í fyrirrúmi.....	4
Þættir úr starfseminni.....	6
Grænu skrefin.....	10
Fjarheilbrigðisþjónusta.....	12
Hlutverk og framtíðarsýn.....	16
Tölulegar upplýsingar.....	18
Skipurit.....	24
Stjórnendur.....	26
Menntun og vísindi.....	28
Ársreikningur 2019.....	38



Fagmennska í fyrirrúmi

Árið 2019 var í heildina farsælt í starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri og að sama skapi viðburðaríkt. Þróun á þeirri starfsemi sem fyrir var hélt áfram og inn komu nýir þjónustubættir. Þar má nefna göngudeild endurhæfingar snemma árs og starfsemi Heimahlynningar í lok ársins.

Stöðugt er unnið að því að auka öryggi sjúklinga og starfsmanna og bæta verklag. Á vordögum fékk sjúkrahúsið vottun á allri starfsemi sinni samkvæmt ISO 9001 staðlinum, fyrst íslenskra heilbrigðisstofnana. Jafnframt var alþjóðleg vottun á gæðakerfi okkar, sem tekur til faglegra þátta starfseminnar, endurnýjuð. Gæðavottunin er langþráður áfangi í löngu og mjög krefjandi ferli, sem hefur reynst mikil lyftistöng á öllum sviðum starfseminnar. Merkir áfangar náðust einnig í þróun á rafrænum kerfum, svo sem lyfjaumsýslu, vaktakerfum á deildum og fræðslukerfi. Upplýsingatæknideild

Á vordögum fékk sjúkrahúsið vottun á allri starfsemi sinni samkvæmt ISO 9001 staðlinum, fyrst íslenskra heilbrigðisstofnana.

fékk ISO 27001-vottun og við lukum mikilli vinnu við að fá jafnlaunavottun fyrir sjúkrahúsið, sem staðfest var snemma árs 2020. Þær kröfur sem þessir staðlar gera til starfseminnar marka áherslur í starfinu til skemmri og lengri tíma. Við munum halda ótrauð áfram á þessari braut, með það markmiði að gera gott starf enn betra.

Við höfum margsinnis fengið staðfestingu á því að íbúar á þjónustusvæði sjúkrahússins kunna mjög vel að meta þá þjónustu sem hér er veitt. Nú síðast var það í lok árs sem Gallup kannaði viðhorf íbúa á Norður- og Austurlandi til þjónustu og starfsemi sjúkrahússins.

Niðurstaðan var býsna ánægjuleg því 85% aðspurðra sögðust bera mikið traust til sjúkrahússins og 88% þeirra sem höfðu nýtt sér þjónustuna sl. 12 mánuði voru ánægð með hana.

Sama velvild endurspeglast í Hollvinasamtökum sjúkrahússins, sem halda áfram að vaxa og dafna, sem og framlögum úr ýmsum áttum í Gjafasjóð SAK. Slíkur stuðningur úti í samfélaginu er ómetanlegur okkur öllum sem hér störfum.

Á árinu hægðist nokkuð á þeim samfellda vexti sem verið hefur í starfseminni um langt árabíl. Þó er áframhaldandi vöxtur í dag- og göngudeildarþjónustu sem endurspeglar áherslur í starfseminni.

Reksturinn fór fram úr fjárheimildum um 122 milljónir króna, eða um 1,5%. Meginástæðan var hærri launakostnaður en gert var ráð fyrir í áætlunum, meðal annars vegna aukinna orlofsskuldbindinga og afleysinga í veikindum. Áfram var unnið að því að auka samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir, meðal annars á sviði fjarþjónustu, og hefur samráðsvettvangur forstjóra heilbrigðisstofnana sannað gildi sitt í þeim efnum. Síðast en ekki síst var efling vísindastarfs í brennidepli og ný vísindastefna sjúkrahússins var samþykkt í lok árs. Því má með sanni segja að vel hafi verið unnið á öllum sviðum starfseminnar á árinu. Það mikla starf hefur fært okkur fram um veg og styrkt sjúkrahúsið enn frekar í sessi sem heilbrigðisstofnun í fremstu röð.

Alþingi samþykkti á vormánuðum Heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Heilbrigðisþjónustunni mun því á komandi árum verða stýrt út frá markaðri stefnu á hinum ýmsu sviðum þess. Í framhaldinu kynnti ráðherra fimm ára aðgerðaáætlun á grunni stefnunnar. Þetta er mikið fagnaðarefni enda fellur stefna sjúkrahússins, „SAK fyrir samfélagið“ að langflestu leyti vel að þeim áherslum sem þarna eru mótaðar. Okkar biða verðug verkefni á komandi árum að ná og fylgja eftir þeim góðu markmiðum sem sett eru fram í heilbrigðisstefnu stjórnvalda.

Ársfundur Sjúkrahússins á Akureyri fyrir árið 2019 er að mörgu leyti óvenjulegur og raunar einstakur í sögu þess. Fram til þessa hefur ársfundurinn ávallt verið haldinn að vori en fer nú fram um miðjan september. Að auki er hann nú haldinn sem fjarfundur. Orsökina er sú einstaka og fordæmalausa staða sem uppi er í samfélaginu og heiminum öllum – COVID 19. Þegar litið er um öxl má segja að við höfum verið á góðri siglingu nær allt árið 2019. Í desember voru fyrstu blikur á lofti með illviðri og rafmagnstruflunum sem gerðu það að verkum að sjúkrahúsið þurfti að keyra starfsemi sína á varaafli. Snemma árs 2020 skall svo hinn skæði heimsfaraldur á okkur öllum og við sjáum ekki fyrir endann á þeirri atburðarás. Ársfundurinn ber merki þessa.

Ég þakka stjórnendum og starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri samstarfið á árinu. Við fögnum þeim árangri sem náðst hefur og munum kappkosta að gera enn betur á komandi misserum. Sem fyrr er fagmennskan í fyrirrúmi í öllu okkar starfi, með öryggi og vellíðan sjúklinga og starfsfólks að leiðarljósi.


Bjarni Jónasson, forstjóri

Heilbrigðisstofnun í fremstu röð

Árið 2019 var í heildina farsælt í starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri (SAk). Nokkuð hægðist á þeim samfellda vexti sem verið hefur í starfseminni um langt árabil en þó var áframhaldandi vöxtur í dag- og göngudeildarþjónustu. Þróun á þeirri starfsemi sem fyrir var hélt áfram og inn komu nýir þjónustupættir. Þar má nefna göngudeild endurhæfingar snemma árs og starfsemi Heimahlyningar í lok ársins, eins og nánar verður vikið að síðar. Reksturinn gekk almennt vel en fór lítillega fram úr fjárheimildum.

Svipað umfang starfseminnar

Starfsemin var í heildina svipuð að umfangi og fyrra ár. Í biðlistaátaki heilbrigðisráðuneytisins voru gerðar 257 gerviliðaaðgerðir eða 24 fleiri en árið áður. Komum á dag- og göngudeildir fjölgaði um 3,5% milli ára. Farin voru 40 færri sjúkraflugið en árið áður og voru flugin 766 (5% fækkun) en hlutfall sjúkrafluga með lækni um borð var 48%.

Almennum rannsóknum fækkaði um 3,7% en skurðaðgerðum fjölgaði um 3,3%. Myndgreiningar voru svipaðar að fjölda en hlutfall stærri, flóknari og tímafrekari rannsókna hækkaði á milli ára. Fjöldi legudaga var svipaður og árið áður en sjúklingum á legudeildum fækkaði um 3,7%. Meðallegutími var 4,8 dagar og jókst um 0,2 daga frá fyrra ári. 434 börn fæddust á árinu í 403 fæðingum, 15 fleiri en árið áður. Einingar vegna ferliverka voru 805 þúsund og fjölgaði um 5,6%.

Einstaklingar sem leituðu á bráðamóttöku á árinu voru 16.284, þar af voru 1.016 komur á göngudeild. Þetta er fækkun um 294 komur frá árinu 2018 eða 1,8%. Að meðaltali komu 44 einstaklingar á dag. Heildarsala sjúkrahúsapóteks jókst um 14% á milli ára og blandanir á krabbameinslyfjum voru 2.082 sem er aukning um 12,5%.

Um 1,5% halli á rekstri

Heildarútgjöld vegna reksturs hækkuðu um 5% á milli ára og voru 9.020 milljónir króna. Reksturinn fór fram úr fjárheimildum um 122 milljónir króna, eða um 1,5%. Meginástæðan var hærri launakostnaður en gert var ráð fyrir í áætlunum, meðal annars vegna aukinna orlofsskuldbindinga og afleysinga í veikindum. Fjárveiting ríkissjóðs til rekstrar á árinu var 8.799 milljónir. Fjárveiting vegna launa var 6.736 milljónir og hækkaði um 5,1 % frá árinu 2018. Fjárveiting til almenns rekstrar að frádregnu fjárfestingaframlagi var 2.063 milljónir og hækkaði um 3,7% frá fyrra ári.

Almennt gekk vel að manna lausar stöður við sjúkrahúsið utan sérfræðistörf innan lækninga. Laun og launatengd gjöld voru 6.977 milljónir króna og hækkuðu um 6% á milli ára. Alls störfuðu 962 einstaklingar við sjúkrahúsið, 86 fleiri en árið áður. Karlar voru 167 og konur 795. Setnar stöður voru að meðaltali 518,3 og fjölgaði um 16,5 eða um 3,3%. Heildarfjárhæð greiddra launa var 5.616 milljónir. Árslaun á hverja stöðu voru að meðaltali 10,8 milljónir. Önnur gjöld, fyrir utan laun og afskriftir, námu 2.042 milljónum.

Framkvæmdir og kaup á búnaði

Helstu framkvæmdir voru fólgnar í framkvæmdum við endurnýjun sjúkrahúsapóteks, endurbótum í loftræstikerfum og endurbótum á húsnæði skurðstofa.

Helstukaup á varanlegum rekstrarfjármunum voru nýaðalrafragnsdreifitafla, ómtæki á myndgreiningadeild, speglunarstæða fyrir meltingarfærarannsóknir og rannsóknarvinnuástaða með útsogi á meinafræðideild. Heildarupphæð varanlegra rekstrarfjármuna var 221,4 milljónir króna. Að viðbættum gjöfum Hollvina og Gjafasjóðs námu kaupin 253,8 milljónum króna.

Gjafasjóður og Hollvinasamtök SAK

Á vegum sjúkrahússins er starfræktur gjafasjóður með eigin kennitölu og skipulagsskrá. Stjórn sjóðsins er skipuð stjórnarmeðlimum Hollvinasamtaka SAK en hlutverk hans er að taka við gjafafé sem berst sjúkrahúsinu. Fjármunum sjóðsins er varið til kaupa á lækningatækjum og öðrum búnaði í þágu sjúklinga. Gjafsjóði bárust framlög að upphæð 14,6 milljónir króna á árinu. Auk þess hafði sjóðurinn til ráðstöfunar framlög frá fyrri árum. Samtals voru keypt tæki og búnaður fyrir tæpar 4,7 milljónir króna sem gjafir til SAK. Stærstu kaupin voru monitor á fæðingadeild.

Auktækjabúnaðar sem keyptur var í gegnum gjafasjóð bárust stofnuninni tækjagjafir frá Hollvinasamtökunum og öðrum velunnurum fyrir 27,7 milljónir. Stærstu gjafirnar voru skurðarborð, 12 rúm á barnadeild og ómhús fyrir skurðlækningar. Bókfært verð tækjabúnaðar sem stofnuninni var gefið á árinu er því í heildina 32,4 milljónir króna.

Starfsmenn sjúkrahússins færa öllum velunnurum sjóðsins sem og Hollvinasamtökum SAK bestu þakkir fyrir ötult og fórnfúst starf.

Merkir áfangar

Stöðugt er unnið að því að auka öryggi sjúklinga og starfsmanna og bæta verklag. Á vordögum 2019 fékk sjúkrahúsið vottun á allri starfsemi sinni samkvæmt ISO 9001 staðlinum, fyrst íslenskra heilbrigðisstofnana. Jafnframt var alþjóðleg vottun á gæðakerfi SAK, sem tekur til faglegra þátta starfseminnar, endurnýjuð.


Merkir áfangar náðust einnig í þróun á rafrænum kerfum, svo sem lyfjaumsýslu, vaktakerfum á deildum og fræðslukerfi. Þá fékk upplýsingatæknideild ISO 27001-vottun á árinu. Öll upplýsingakerfi og lækningatæki eru í dag á einn eða annan hátt tengd tölvukerfum og því mikilvægt að tryggja öryggi og starfshæfni þeirra. Þá var jafnlaunavottun fyrir sjúkrahúsið staðfest snemma árs 2020.

Áfram var unnið að því að auka samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir, meðal annars á sviði fjarþjónustu, og hefur samráðsvettvangur forstjóra heilbrigðisstofnana sannað gildi sitt í þeim efnum.

Menntun og vísindi skipa stóran sess í starfi sjúkrahússins og það gegnir mikilvægu hlutverki í starfsþjálfun heilbrigðisstétta. Síðustu ár hefur markvisst verið unnið að því að efla framgang vísinda- og rannsóknastarfs innan sjúkrahússins. Ný vísindastefna þess til ársins 2023 var fullgerð og samþykkt í lok árs.

Mikil ánægja með þjónustu SAK

Í lok árs komu niðurstöður úr könnun Gallup þar sem íbúar á Norður- og Austurlandi voru spurðir um traust til Sjúkrahússins á Akureyri og viðhorf til þjónustu þess. Skemmst er frá því að segja að 85% aðspurðra bera mikið traust til sjúkrahússins og 88% þeirra sem höfðu nýtt sér þjónustuna sl. 12 mánuði voru ánægð með hana. Þetta er sambærileg niðurstaða og fyrir ári, þegar hliðstæð könnun var lögð fyrir. Þetta er góður vitnisburður um það starf sem hér er unnið og ómetanlegt að finna hve mikið traust ríkir í garð sjúkrahússins hjá íbúum á þjónustusvæði þess.



Aukin þjónusta

Sífelld er hugað að frekari þróun starfseminnar, hvort heldur sem um er að ræða endurbætur á núverandi vinnulagi eða upptaka nýrrar þjónustu. Sem dæmi má nefna að á árinu voru innleiddar nýjar rannsóknaraðferðir í brjóstarrannsóknum með tilkomu á nýjum búnaði. Nú eru líka framkvæmdar sérhæfðar æðaskurðaðgerðir, sem áður þurfti að senda annað, auk þess sem meiri samfella er orðin í meðferð æðasjúklinga. Aðferðir straumlínustjórnunar hafa verið nýttar til að einfalda vinnuferla, sem m.a. hafa stýtt legutíma og biðtíma.

Hér á eftir verða nefnd fleiri dæmi um nýja þjónustu og/eða aukna þjónustu sem í boði er á sjúkrahúsinu.

Göngudeild endurhæfingar

Göngudeild endurhæfingar var opnuð snemma árs og hafinn var undirbúningur að uppbyggingu meltingarmóttöku sem mun bæta þjónustu við sjúklinga með bólgusjúkdóma í meltingarvegi. Starfsemi deildarinnar hefur mælst mjög vel fyrir meðal skjólstæðinga hennar.

Heimahlygning

Starfsemi Heimahlygningar ehf. færðist yfir til sjúkrahússins frá og með 1. nóvember og varð hluti af starfsemi almennu göngudeildarinnar.

Heimahlygning er sérhæfð hjúkrunar- og lækniþjónusta ætluð sjúklingum með erfið einkenni vegna langvinnra og ólæknandi sjúkdóma og sem tímabundin aðstoð vegna erfiðra einkenna. Samhliða þessari breytingu er unnið að samhæfðri líknar- og lífslokameðferð fyrir Vestfirði, Norður- og Austurland sem nefnt hefur verið Norðlenska módelið.



Hertir öryggisþættir lyfja

Á árinu var innleidd tilskipun og reglugerð um öryggisþætti lyfja innan ESB/EES. Sjúkrahúsapótekið uppfærði verklag sitt í tengslum við nýju reglugerðina. Markmiðið er að auka öryggi sjúklinga og koma í veg fyrir að fölsuð lyf komist inn í aðfangakeðjuna. Allar lyfjapakningar sem markaðssettar eru á Íslandi eru nú skannaðar í sjúkrahúsapóteki með sérstökum hugbúnaði til að sannreyna uppruna þeirra. Þannig er tryggt að lyfjapakningar séu ófalsaðar áður en þær eru afgreiddar út á deildir.

Á árinu var hitastigseftirlitskerfi sett upp í lyfjageymslum allra deilda sjúkrahússins.

Þverfagleg hermikennsla

Áfram var unnið að endurbótum á aðstöðu hermikennslu á sjúkrahúsinu. Aðstaðan býður nú upp á að nemendur geti fylgst með kennslunni í annarri stofu án þess að trufla kennsluna sjálfa og „sjúkrastofa“ kennslunnar er nú líkari raunverulegri sjúkrastofu.


Markmið þverfaglegrar hermikennslu er fyrst og fremst að þjálfva þátttakendur í þverfaglegri teymisvinnu við bráðaaðstæður. Í hermikennslunni er gæðakerfi sjúkrahússins tengt kennslunni og í viðrun eftir tilfelli

fá þátttakendur tækifæri til að ígrunda það sem fór fram.

Fýsileikamat um hjartaþræðingar á SAK

Í framtíðarsýn Sjúkrahússins á Akureyri til ársins 2021 er sett fram það metnaðarfulla markmið að koma upp hjartaþræðingum við Sjúkrahúsið. Skipaður var vinnuhópur sem ætlað var að setja fram skýrari drög að því hvernig standa megi að þessari þjónustu. Leitað var til utanaðkomandi aðila eftir fýsileikamati.

Vinnuhópurinn skilaði skýrslu á árinu þar sem niðurstöður gefa til kynna að hjartaþræðingar á sjúkrahúsinu séu fýsilegur kostur. Vinnuhópurinn mun áfram leggja sig fram um að vinna þessari sýn brautargengi.



Vinnuhópur um háskólasjúkrahús

Í stefnu SAK er gert ráð fyrir því að sjúkrahúsið verði háskólasjúkrahús. Til þess að svo geti orðið þarf að skoða málið út frá öllum sjónarhornum og meta fýsileika þess að fá samþykki sem háskólasjúkrahús.

Þann 8. apríl skipaði framkvæmdastjóri bráða- og þróunarviðs Sjúkrahússins á Akureyri vinnuhóp sem fékk það verkefni að skoða möguleika SAK á því að verða háskólasjúkrahús. Vinnuhópurinn skilaði inn áfangaskýrslu til framkvæmdastjóra bráða- og þróunarviðs 15. október. Áætlað er að þessari vinnu ljúki 2020.

Þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis

Á fyrri hluta árs voru stofnuð samtök um þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi. Að samtökunum standa Sjúkrahúsið á Akureyri ásamt mörgum fleiri stofnunum og félögum. Þetta er mikilvægt skref til að bæta þjónustu við þá einstaklinga sem verða fyrir ofbeldi og ánægjulegt að sjúkrahúsið komi að uppbyggingu á þessari þjónustu.

Nánar má lesa um alla ofangreinda þætti annars staðar í ársritinu, í skýrslum deilda, nefnda og ráða.



Þann 22. janúar árið 2018 ákvað umhverfisráð að skrá sjúkrahúsið til leiks í verkefnið *Grænu skrefin* á vegum Umhverfisstofnunar.

Græn skref í ríkisrekstri snúast um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti. Verkefnið hófst formlega í nóvember 2014. Fyrr á því ári höfðu nokkrar stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytisins prufukeyrt það og hjálpað til við að laga *Grænu skrefin* að ríkisrekstri. Verkefnið var þróað og sett af stað af stýrihópi um vistvæn innkaup. Verkefnið er fjármagnað af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og í umsjón Umhverfisstofnunar.

Flokkar grænna skrefa eru 6 talsins:



INNKAUP



**FLOKKUN &
MINNI SÓUN**



SAMGÖNGUR

Þær aðgerðir sem *Grænu skrefin* ná til snerta sex þætti sem hafa áhrif á umhverfið og eru innleidd í fjórum áföngum. Fimmta skrefið er viðbót við upprunalega verkefnið og sýnir helstu aðgerðir sem þarf að innleiða til að byggja upp umhverfisstjórnunarkerfi sem er eitt af markmiðum umhverfisráðs SAK.

Markmið verkefnisins í heild sinni:

- Gera starfsemi ríkisins umhverfisvænni.
- Auka vellíðan starfsmanna og bæta starfsumhverfi þeirra.
- Draga úr rekstrarkostnaði.
- Innleiða áherslur í umhverfismálum sem þegar hafa verið samþykktar.
- Stofnanir, ráðuneyti og annar ríkisrekstur fái viðurkenningu fyrir metnað sinn í umhverfismálum.
- Stofnanir, ráðuneyti og annar ríkisrekstur geti innleitt aðgerðir á mismunandi hátt eftir umfangi og eðli starfseminnar.
- Aðgerðir stofnana í umhverfismálum séu sýnilegar.

Umhverfisráð SAK hefur unnið að því að fá viðurkenningu fyrir fyrsta græna skrefið á árinu 2018. Til þess að öðlast viðurkenningu fyrir fyrsta græna skrefið þarf að uppfylla að lágmarki 34 af 37 aðgerðum skv. gátlista Umhverfisstofnunar. SAK tókst að útfæra og uppfylla 35 aðgerðir af 37, þær 2 aðgerðir sem upp á vantar eiga ekki við út frá starfsemi SAK.

Umhverfisráð SAK tók á móti viðurkenningu fyrir fyrsta græna skrefið frá Umhverfisstofnun 25. janúar 2019.

Helstu aðgerðir umhverfisráðs á árinu 2019 í tengslum við vinnslu á grænu skrefum 2 og 3:

- Yfirfara sparnaðarstillingar á öllum uppvotta- og þvottavélum innan SAK.
- Sett upp merkingar við allar lyftur til þess að hvetja starfsfólk og skjólstæðinga til að nota stiga.
- Í öllum nýframkvæmdum er notast við orkusparandi ljósabúnað (LED)
- Notuðum skrifstofuvörum er safnað saman á vörulager, þar sem starfsmenn geta endurnýtt vörur eins og möppur, penna og umslög
- Vörulager endurnýtir innkaupakassa og poka.
- Eldhús hefur mælt og greint matarsóun.
- SAK hefur afþakkað allan fjölpóst
- Starfsmenn hafa aðgang að fjarfundabúnaði.
- Á viðburðum innan SAK er ávallt hægt að flokka sorp.
- Sett hefur verið á fjárhagsáætlun 2020 fjármagn til að endurnýja bílaflota m.t.t. orkusparandi orkugjafa.
- Bætt og aukið framboð hjólastæða við innganga sjúkrahússins.
- Skilað og kynnt niðurstöður græns bókhalds.



**VIÐBURÐIR
& FUNDIR**



**MIDLUN &
STJÓRNUN**



**RAFMAGN
& HÚSHITUN**



Hólmfríður Þorsteinsdóttir frá Umhverfisstofnun afhendir Gunnari Línal Sigurðssyni, forstöðumanni rekstrarsviðs viðurkenningu fyrir fyrsta græna skrefið.

Fjarheilbrigðisþjónusta

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eiga allir landsmenn rétt á bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu sem hægt er að veita á hverjum tíma og ber hinu opinbera að sjá til þess að þeim lögum sé fylgt. Síðla árs 2015 var samþykkt þverpólítísk þingsályktunartillaga um aðgerðaáætlun til að efla fjarheilbrigðisþjónustu. Í júní á þessu ári var samþykkt og kynnt Heilbrigðisstefna – stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030. Í henni kemur fram að þróa skuli fjarheilbrigðisþjónustu til að jafna aðgengi að heilsugæslu og þjónustu sérfræðinga á landsbyggðinni.

Samvinna Norðurlandanna

Í árslok 2018 hófu fulltrúar sjúkrahússins vinnu að samnorrænu ráðherraverkefni um fjarheilbrigðisþjónustu „Vård och omsorg på distans“ (VOPD) undir forystu Svíþjóðar. Verkefnið hófst sem samvinna Norðurlandanna við að kortleggja þáverandi fjarheilbrigðisþjónustu í sínum löndum og undirbúning við að innleiða verkefni á þessum vettvangi, sérstaklega í hinum dreifðari byggðum. Að kortlagningu lokinni voru valdar 24 fjarheilbrigðisþjónustulausnir til birtingar í skýrslu sem Nordens välfärdscenter gaf út í september 2019 undir heitinu „Vård och omsorg på distans: 24 praktiska exempel från Norden“. Skýrslan er einnig gefin út á ensku og er aðgengileg á vefsíðunni www.healthcareatdistance.com. Á vefsíðunni er einnig að finna fleiri lausnir sem ekki birtast í skýrslunni sjálfri og sýnir það vel hversu margar og mismunandi leiðir hægt er að fara til að nýta tæknina í heilbrigðisþjónustu og velferðarþjónustu.

Í febrúar var auglýst 20% staða verkefnisstjóra í fjarheilbrigðisþjónustu við SAK til 6 mánaða til að vinna að frekari verkefnum í tengslum við VOPD og samnorræna samstarfið og í starfið var ráðin Ingveldur Tryggvadóttir upplýsingafræðingur. Í mars fóru verkefnisstjóri og Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga, á vinnufund í Kaupmannahöfn þar sem saman komu fulltrúar allra landanna og unnu að því að kynna, fara yfir og flokka lausnirnar í fjóra flokka fjarheilbrigðisþjónustu: fjarmedhöndlun, fjareftirlit, fjarfundi og nýsköpunarverkefni.

Í maí fóru svo sömu fulltrúar SAK á alþjóðlega ráðstefnu í Gautaborg, Vitalis, sem er stærsta ráðstefna fjarheilbrigðisþjónustu á Norðurlöndunum.

Verkefni hlýtur styrk

Í kjölfar vinnu við að kortleggja fjarheilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum, var opnað fyrir umsóknir um styrki frá VOPD til innleiðingar fjarheilbrigðislausna. Tveir styrkir fóru til hvers lands fyrir sig, einn til heilbrigðisstofnunar og einn til velferðarþjónustu. SAK sendi inn umsókn um styrk til innleiðingar rafræna spurningalista til handa sjúklingum sem koma til meðferðar á göngudeild geðdeildar og hlaut verkefnið styrk.

Í verkefninu var hannaður og þróaður rafrænn spurningalisti í Heilsuveru sem kallaðist „Eigin saga sjúklings – spurningalisti“. Tilgangurinn var að gefa sjúklingi tækifæri á að fylla út eigin upplýsingar um forsögu sína og aðstæður, ættarsögu og annað sem nauðsynlegt þykir í geðlæknisfræði. Fram til þessa höfðu sjúklingar setið á biðstofu fyrir fyrsta viðtalstíma eftir tilvísun á göngudeild geðdeildar og fyllt út slíkan spurningalista á pappír. Í viðtali fór heilbrigðisstarfsmaður yfir svörin með sjúklingi og handskráði að því búnu inn í rafræna sjúkraskrá. Með nýjum rafrænum spurningalista gafst sjúklingi færi á að svara í ró og næði í sínu umhverfi og á sínum hraða og senda síðan inn í eigin sjúkraskrá þar sem starfsfólk fer yfir upplýsingarnar í rafrænni sjúkraskrá áður en sjúklingur mætir. Svörin eru ítarlegri, gagnlegri og spara tíma heilbrigðisstarfsfólks og þá hefur sjúklingur ætíð aðgang að eigin svörum í Heilsuveru.

Ánægjulegt var að Öldrunarheimili Akureyrar hlutu styrk úr flokki velferðarþjónustu og var því ákveðið að haga innleiðingu á þann hátt að báðar stofnanir nytu góðs af verkefnastjóra sem úthlutað var á vegum VOPD. Tveggja daga „kick-off“ fundur var haldinn í október með verkefnastjóra frá Danmörku og voru lagðar línur að verkþáttum og tímalínu hvors verkefnis fyrir sig.

Innleiðing spurningalistanna var unnin á fylgjandi mánuðum og lauk í upphafi næsta árs.

Verkefnisstjóri í fjarheilbrigðisþjónustu

Í júní óskaði heilbrigðisráðuneyti eftir því að hver heilbrigðisstofnun landsins tilgreindi staðbundinn verkefnisstjóra sem bæri ábyrgð á innleiðingu á verkefnum í fjarheilbrigðisþjónustu innan sinnar stofnunar. Samhliða ráðningu verkefnisstjóra á heilbrigðisstofnunum var skipaður sérfræðingahópur um fjarheilbrigðisþjónustu, skipuðum fulltrúum frá Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu og Embætti landlæknis. Fyrir hönd SAK situr Sigurður E. Sigurðsson í sérfræðingahópi og verkefnisstjóri er Helga Kristín Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri rafrænnar sjúkraskrár. Að auki tekur Ingveldur Tryggvadóttir upplýsingafræðingur að sér verkefnastjórnun í fjarheilbrigðisþjónustu.

Framtíðin

Þessi vinna samræmist vel þeirri stefnu SAK að vera í fremstu röð við að nýta tækni til að bæta þjónustu við skjólstæðinga sína. Innviðir íslensks heilbrigðiskerfis með samtengingu sjúkraskrárkerfa bjóða upp á tækifæri sem margir aðrar þjóðir hafa ekki. Við sjáum fram á öra framþróun og mörg tækifæri til eflingar fjarheilbrigðisþjónustu og þar ætlar SAK sér stóra hluti.



Markvert á árinu

Janúar

- Hollvinasamtök SAK afhenda ljósgjafa til notkunar við skurðaðgerðir og berkjuspeglunartæki.
- Umhverfisstofnun afhendir sjúkrahúsinu fyrsta græna skrefið.

Febrúar

- Starfamessa fyrir grunnskólanemendur haldin í Háskólanum á Akureyri.
- Göngudeild á Kristnesspítala tekur til starfa.

Mars

- Rebekkustúkan nr. 2, Auður, gefur fjögur sjúkrarúm.
- Fræðsludagur gjörgæsludeildar.

Apríl

- Undirritaður samningur við Heilbrigðisstofnun Austurlands um þjónustu bæklunarlækna.
- Sjúkrahúsið fær vottun skv. alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001:2015.

Mái

- Ársfundur Sjúkrahússins á Akureyri.
- Myndgreiningadeild hlýtur hvatningarverðlaun sjúkrahússins.
- Fræðslukerfið *Eloomi* tekið í notkun.
- Vika hjúkrunar.

Júní

- Útskrift Sjúkraflutningaskólans.

Júlí

- Hollvinasamtök SAK færa sjúkrahúsinu lasertæki og æðasjá.



Ágúst

- Framkvæmdir vegna nýrrar aðalrafmagnsdreifitöflu hefjast.
- Hermikennslurými endurbætt.
- Innleiðing á *ChemiControl*, skráningarkerfi og gagnagrunnur fyrir varasöm efni og efnasambönd.

September

- „Mömmur og möffins“ færa fæðingadeild peningagjöf til kaupa á ungbarnavöggum.
- Vísindadagur Sjúkrahússins og Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólans á Akureyri.
- Sjúkrahúsið gerist aðili að Loftlagsyfirlýsingu Festu og Akureyrarbæjar.

Október

- Árshátíð Sjúkrahússins á Akureyri.
- Úttekt DNV-GL á starfsemi og gæðakerfi sjúkrahússins.
- Næringardagur Sjúkrahússins á Akureyri.

Nóvember

- Heimahlynning ehf. verður hluti af starfsemi sjúkrahússins.
- MND-félagið afhendir lyflækningadeild rafknúinn sturtustól, sjúklingalyftara, súrefnisvél og loftdýnur.

Desember

- Dagur sjúkrahússins haldinn á Glerártorgi fyrir tilstilli Hollvinasamtaka SAK og starfsmannafélagsins Glaums.
- Sjúkrahúsið fær vottun skv. ISO 27001 staðlinum um upplýsingaöryggi.
- Gerviliðsaðgerðir voru 457 á árinu og hafa ekki verið fleiri. Þar af 257 gerviliðsaðgerðir í biðlistaátaki heilbrigðisráðuneytis.
- Vinnu við nýja vísindastefnu lokið.





Öryggi

- Við leggjum áherslu á öryggi sjúklinga og starfsmanna
- Við vinsum störf okkar af fagmenasku
- Við tryggjum heilsuvert starfsambverfi

Samvinna

- Við vinnum saman í þágu sjúklinga
- Við sýnum umbyggju og berum virðinga hvert fyrir öðru
- Við eigum góð samskipti

Framsækni

- Við litum á áskoranir sem tækifæri
- Við styðjum við menntu og vísindi
- Við viljum skara fram úr




MEGINÁHERSLUR	Mælikvarðar	2018	2019	Markmið 2019
	Biðtími sjúklinga eftir gerviliðaaðgerð (dagar frá ákvörðun um meðferð)*	140	90	<90
	Biðtími sjúklinga eftir magaspeglun (dagar frá ákvörðun um meðferð)*			
	<i>Forgangur A</i>		<14	<14
	<i>Forgangur B</i>		<28	<28
	<i>Forgangur C</i>		<90	<90
Árangursmiðuð þróun þjónustu	Biðtími sjúklinga eftir ristilspeglun (dagar frá ákvörðun um meðferð)*	<90		
	<i>Forgangur A</i>		<14	<14
	<i>Forgangur B</i>		<28	<28
	<i>Forgangur C</i>		<90	<90
	Biðtími sjúklinga eftir viðtali og skoðun hjá bæklunarskurðlækni (dagar)*	100	120	<30
	Biðtími sjúklinga eftir viðtali við geðlækni (dagar)	<30	30	<30
	Ánægja sjúklinga (skali 1-10)**	9,1	8,8	≥9
Framúrskarandi gæði og öryggi	Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift	8,9%	8,9%	7,5%
	Spítalasykingar	4,8%	3,1%	5%
	Byltur með afleiðingum fyrir sjúkling (pr. 1.000 legudaga)	0,45	0,45	<0,50
	Fjarvera starfsmanna vegna vinnuslysa (ársverk)	0,20	0,43	<1
Hámarks skilvirkni	Meðallegutími bráðadeilda (dagar)	3,4	3,4	3,5
	Biðtími eftir þjónustu læknis á bráðamóttöku (mín.)	-	66	<60
	Rekstrarafkoma m.v. fjárlög (frávik)	-1,3%	-1,5%	0%
Markviss kennsla og vísindastarf	Ánægja nema (skali 1-5)	4,5	4,4	≥4,5
	Fjöldi birtra vísindagreina	21	18	15
Öflugir starfsmenn	Ánægja starfsmanna (skali 1-5)***	4,09		≥4,3
	Veikindahlutfall	6,2%	6,5%	≤5%
	Starfsmannavelta	8,2%	7,6%	<10%
	Námskeiðsstundir á hvert stöðugildi	-	-	-
Rík samfélagsábyrgð	Traust samfélagsins til SAK	90%	85%	≥85%
	Staða í grænum skrefum	1	1	2

*Staða í árslok .

**Heildaránægja með upplifun af þjónustu sjúkrahússins.

***Þegar litið er til mælikvarða um starfsánægju hefur verið miðað við svör við spurningunni „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri“.



Tölulegar upplýsingar

Fjöldi sjúklinga og legudaga, samanburður milli ára

	Fjöldi þjónusturýma	Legudagar				Sjúklingar (dvalir)			
		2019	2018	Mism.	%	2019	2018	Mism.	%
Skurðlækningadeild	18	5.573	5.828	-255	-4,4	1.924	1.933	-9	-0,5
Fæðingadeild	8	2.131	2.061	70	3,4	981	953	28	2,9
þar af nýburar		757	760	-3	-0,4	434	411	23	5,6
Gjörgæsludeild	5	943	1.016	-73	-7,2	419	493	-74	-15,0
Lyflækningadeild	23	6.817	7.517	-700	-9,3	1.627	1.740	-113	-6,5
Kristnesspítali	38	9.423	8.921	502	5,6	368	371	-3	-0,8
Barnadeild og nýburar	8	1.019	977	42	4,3	470	493	-23	-4,7
þar af nýburastofa	2	279	215	64	29,8	85	65	20	30,8
Geðdeild	10	3.123	2.809	314	11,2	280	317	-37	-11,7
Legudeildir	110	29.029	29.129	-100	-0,3	6.069	6.300	-231	-3,7
Innritunarmiðstöð		798	779	19	2,4				
Almenn göngudeild 1)	15	3.428	3.111	317	10,2				
Kristnesspítali	4	289	434	-145	-33,4				
Barnadeild dagdeild	2	106	106	0	0,0				
Geðdeild, dagþj. á legudeild	5	961	698	263	37,7				
Geðdeild, dagþjónusta Seli		756	1.026	-270	-26,3				
Blóðskilun	3	501	554	-53	-9,6				
Dagdeildir	29	6.839	6.708	131	2,0				
Samtals	139	35.868	35.837	31	0,1				

1) Sjúkrarúm og meðferðarstólar

Kyn og meðfjöldi legudaga (útskriftir)

	Dvalir			Meðalfjöldi legudaga (án leyfisfjöldi)		
	Kvk	Kk	Samtals	Kvk	Kk	Bæði kyn
Skurðlækningadeild	922	834	1.756	2,8	2,8	2,8
Gjörgæsludeild	191	193	384	2,1	2,0	2,1
Fæðingadeild	679	193	872	2,3	1,8	2,2
Lyflækningadeild	697	805	1.502	4,2	4,1	4,1
Kristnesspítali	203	131	334	16,6	18,4	17,3
Barnadeild	217	231	448	1,9	1,7	1,8
Geðdeild	136	120	256	8,1	10,5	9,3
	3.045	2.507	5.552			

Ferliverk lækna (göngudeildarþjónusta)

	Viðtöl				
	2015	2016	2017	2018	2019
Barnalækningar	1.254	1.373	1.395	1.118	943
Barna- og unglíngageðlækningar	0	42	167	200	118
Bæklunarskurðlækningar	1.884	2.066	2.159	2.294	2.418
Geðlækningar	2.104	1.631	1.454	1.426	1.027
Háls-, nef- og eyrnalækningar	191	223	154	80	69
Kvensjúkdómalækningar	2.619	2.729	2.242	2.000	2.045
Lyflækningar	5.005	5.200	5.358	5.959	5.892
Handlækningar	928	916	768	951	1.068
Svæfingalækningar	170	95	104	106	95
Öldrunarlækningar	139	206	233	218	308
Samtals	14.294	14.481	14.034	14.352	13.983

	Einingar				
	2015	2016	2017	2018	2019
Augnlækningar	64.071	92.575	92.029	77.627	89.399
Barnalækningar	37.794	46.370	47.744	43.259	38.613
Barna- og unglíngageðlækningar	0	840	8.825	10.673	6.539
Bæklunarskurðlækningar	94.478	90.622	109.040	78.714	83.111
Geðlækningar	41.755	32.582	29.057	28.514	20.520
Háls-, nef- og eyrnalækningar	10.031	14.205	10.212	8.046	6.233
Kvensjúkdómalækningar	99.766	105.516	92.145	79.436	84.450
Lyflækningar	278.445	287.456	304.747	289.681	316.624
Handlækningar	57.662	57.009	46.801	65.797	73.722
Svæfingalækningar	81.367	83.468	81.463	73.821	77.560
Öldrunarlækningar	3.755	5.684	6.084	6.307	8.059
Samtals	769.124	816.327	828.147	761.875	804.830

Önnur göngudeildarþjónusta, komur


	2015	2016	2017	2018	2019
Almenn göngudeild					
Móttaka næringarráðgjafa	148	109	105	149	183
Móttaka hjúkrunarfræðinga	1.230	1.573	1.642	1.835	1965
Móttaka talmeinafræðings				13	10
Ljósmeðferð	2.317	2.692	2.019	1.624	1.926
Heimahlýnning*					494
Barnadeild					
Móttaka hjúkrunarfræðinga	17	34	30	48	21
Barna- og unglíngageðlækningar	619	658	694	684	450
Göngudeild geðdeildar					
Móttaka félagsráðgj., hjúkrunarfr., iðjuþj. og sálfr.	1.685	2.520	2.191	2.225	2.624
Hópameðferð	175	227	804	901	885
Fæðingadeild					
Móttaka félagsráðgjafa	283	346	265	154	135
Móttaka ljósmæðra	1.860	2.045	2.323	2.032	2.049
Samtals	8.334	10.204	10.073	9.665	10.742

Árið 2019 voru endurseldar einingar til Sí: 17.500 vegna augasteinsaðgerða, 33.000 vegna sérfræðiþjónustu í augnlækningum, 4.635 vegna innkirtlalækninga, 9.611 vegna lungnalækninga, og 11.600 vegna kæfisvefnrannsóknna. Samtals 76.346 einingar.

*Vitjanir frá 1. nóvember 2019.


Yfirlit yfir starfsemi

	2015	2016	2017	2018	2019
Sjúklingar (dvalir), legudeildir	5.829	6.369	6.443	6.300	6.069
<i>þar af nýburar</i>	392	413	397	411	434
" dagdeildir	4.951	5.473	5.560	5.929	6.041
" innritunarmiðstöð	503	709	718	779	798
samtals	11.180	12.551	12.721	13.008	12.908
Legudagar (fjöldi) legudeildir	29.074	29.086	29.530	29.129	29.029
<i>þar af nýburar</i>	750	822	761	760	757
" dagdeildir (komur)	4.951	5.473	5.560	5.929	6.041
" innritunarmiðstöð	503	709	718	779	798
samtals	34.425	35.268	35.808	35.837	35.868
Meðallegutími (dagar á legud.)	5,0	4,6	4,6	4,6	4,8
Skurðaðgerðir	2.821	3.393	3.388	3.403	3.516
<i>þar af gerviliðaaðgerðir</i>	175	347	363	433	457
Fæðingar	377	389	387	388	403
Slysadeildarkomur	16.519	17.396	17.141	16.549	16.129
Almennar rannsóknir	213.550	253.340	282.365	295.037	284.183
Vefjarannsóknir, fjöldi glerja	8.605	9.749	9.456	9.221	9.154
Myndgreiningar	29.704	31.464	30.448	30.638	30.465
Sjúkraflug	597	669	798	806	766
Ómskoðanir á hjarta	1.330	1.321	1.614	1.541	1.525
Hjartarit	2.544	2.856	3.214	3.130	3.395
Heilalínurit	103	100	82	79	87
Áreynslurit	596	687	753	709	659
Öndunarmælingar	186	196	206	156	157
Holter rit	600	670	697	756	692
Speglanir	1.412	1.465	1.496	1.239	1.315
Setnar stöður (með afleysingum)	457,9	471,1	488,5	501,4	518,3
Rekstrargj. á verðl. hvers árs (þús. kr)	6.842.766	7.525.548	8.102.531	8.723.988	9.168.257
Rekstrargj. á föstu verðlagi (þús. kr)	8.304.251	8.499.783	8.756.660	9.010.425	9.168.257




Þróun í starfsemi

	2015	2016	2017	2018	2019
Sjúklingafjöldi, dvalir/komur	11.283	12.551	12.721	13.008	12.908
Skurðaðgerðir	2.821	3.393	3.388	3.403	3.516
Komur á bráðamóttöku	16.519	17.396	17.141	16.549	16.129
Ferliverk lækna (/100)	7.691	8.163	8.281	7.619	8.048
Göngudeildarkomur	8.334	10.204	10.073	9.665	10.742
Legudagar (/10)	3.442	3.581	3.529	3.584	3.587
Speglanir	1.412	1.465	1.496	1.239	1.315
Myndgreiningar (/10)	2.970	3.146	3.045	3.064	3.047
Alm. rannsóknir (/100)	2.136	2.533	2.824	2.950	2.842



Myndrit: Þróun í starfsemi.



Setnar stöður - samanburður milli ára. (Afleysingar meðtaldar).						Mism.	Mism.
	2019	2018	2017	2016	2015	19/18	19/15
Sérfræðingar og stjórnendur í lækningum	50,1	50,4	51,8	48,8	46,9	-1,7	3,1
Aðstoðarlæknar	23,4	19,6	15,8	14,4	13,6	7,5	9,7
Læknar	73,42	69,96	67,65	63,2	60,6	5,8	12,8
Lyfjafræðingar/næringarráðgjafar	5,7	5,2	4,1	3,5	3,5	1,6	2,2
Lífeindafræðingar	20,4	19,8	22,1	22,0	20,4	-1,7	0,0
Geislafræðingar	12,3	11,7	12,0	11,1	10,9	0,3	1,4
Sjúkraþjálfarar	8,4	8,6	8,4	8,4	8,3	0,1	0,2
Iðjuþjálfar	10,5	10,1	8,8	8,2	7,9	1,6	2,5
Aðrir og aðstoðarmenn	13,2	11,6	9,0	10,1	10,5	4,2	2,6
Geisla-, lyfja- og lífeindafræðingar, þjálfarar	70,5	67,0	64,4	63,4	61,5	6,1	9,0
Stjórnendur í hjúkrun, verkefnastjórar	11,5	10,3	10,0	9,7	10,6	1,5	0,9
Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, namar	150,1	144,9	142,0	136,1	128,9	8,1	21,1
Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður	161,6	155,2	152,0	145,7	139,6	9,6	22,0
Sjúkraliðar og namar	55,7	55,3	54,6	54,1	53,6	1,1	2,1
Deildarritarar	5,7	4,9	2,9	3,1	3,2	2,9	2,6
Býtibúr og ræsting	13,1	12,5	11,5	14,0	18,8	1,7	-5,6
Aðstoð við hjúkrun	5,3	6,2	6,9	6,2	5,5	-1,5	-0,1
Sjúkraliðar og aðstoð v. hjúkrun	79,9	79,0	75,8	77,4	81,0	4,1	-1,1
Sálfræðingar og trúarleg þjónusta	4,6	4,8	5,1	5,5	5,7	-0,6	-1,1
Félagsráðgjafar	3,7	3,4	3,8	3,3	2,8	-0,1	0,9
Kennsla og bókasafn	3,1	2,7	2,0	1,9	2,0	1,1	1,1
Félagsleg þjónusta og kennsla	11,3	11,0	10,9	10,6	10,5	0,4	0,8
Forstöðumenn þjónustudeilda	3,3	3,1	2,8	2,8	2,8	0,5	0,5
Aðstoðarmenn	37,2	35,8	35,4	33,5	28,8	1,8	8,4
Eldhús, saumastofa, ræsting	40,5	38,9	38,2	36,3	31,5	2,3	8,9
Trésmiðir og pípulagningamenn	4,0	4,0	4,1	3,5	3,3	-0,1	0,7
Tæknimenn	5,0	4,6	5,0	4,1	4,0	0,0	1,0
Öku- og verkamenn	4,5	4,6	5,3	4,1	4,5	-0,8	0,0
Tæknimenn	13,5	13,1	14,3	11,7	11,9	-0,8	1,6
Stjórnendur, skrifstofumenn	24,4	24,7	23,8	22,6	20,9	0,7	3,6
Tölvunar- og kerfisfræðingar	9,0	9,1	7,1	6,2	6,2	1,9	2,9
Móttökuritarar	9,6	9,6	9,7	9,7	9,8	-0,2	-0,2
Læknaritarar	24,6	24,4	24,7	24,4	24,5	-0,1	0,1
Stjórnun og skrifstofufólk	67,7	67,7	65,3	62,8	61,4	2,3	6,3
Samtals	518,3	501,8	488,5	471,2	457,9	29,8	60,4

Setnar stöður eftir starfseiningum og sviðum. (Afleysingar meðtaldar).

Starfseining	2019	2018	Breyt.
Skurðlækningar	9,0	8,9	0,1
Skurðlækningadeild	36,3	35,5	0,8
Bæklunarskurðlækningar	4,2	4,4	-0,2
Svæfinga- og gjörgæslulækningar	6,5	6,6	0,0
Svæfingadeild	5,8	6,1	-0,2
Gjörgæsludeild	24,0	23,7	0,3
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar	5,4	4,2	1,2
Fæðingadeild	16,1	16,4	-0,3
Skurðstofa og sóttreinsun	20,3	21,2	-0,8
Læknaritaramiðstöð	24,6	25,4	-0,8
Handlækningasvið	152,3	152,3	0,0
Lyflækningar	10,4	10,0	0,4
Lyflækningadeild	38,8	36,6	2,2
Geðlækningar	12,5	12,8	-0,3
Geðdeild	22,5	21,9	0,5
Endurhæfing og öldrunarlækningar	27,2	26,4	0,7
Kristnesspítali	24,6	23,6	1,0
Barnalækningar	6,3	6,4	-0,2
Barnadeild	12,7	12,2	0,6
Almenn göngudeild	14,6	13,3	1,2
Sjúkrahúsapótek	4,7	3,9	0,8
Lyflækningasvið	174,3	167,3	7,0
Bráðalækningar	2,7	2,2	0,6
Bráðamóttaka	26,7	24,3	2,4
Myndgreiningalækningar	4,5	4,5	0,1
Myndgreiningadeild	15,5	15,1	0,4
Rannsóknadeild	21,3	20,7	0,6
Deild mennta og vísinda	29,2	25,8	3,4
Bráða- og þróunarsvið	99,9	92,5	7,4
Skrifstofa fjármála	8,5	9,0	-0,5
Eldhús	18,9	18,7	0,3
Ræstimiðstöð	20,3	19,0	1,4
Öryggisstjóri	1,2	1,0	0,2
Rekstrardeild	18,8	18,1	0,7
Upplýsingatæknideild	9,8	9,7	0,1
Fjármálasvið	77,6	75,4	2,2
Starfsmannþjónusta	7,9	7,7	0,2
Skrifstofa forstjóra	6,4	6,7	-0,3
Skrifstofa forstjóra	14,2	14,3	-0,1
Samtals	518,32	501,84	16,5

Framkvæmdastjóri
hjúkrunar

Framkvæmdastjóri
lækninga

Fjármála- og rekstrarsvið

Skrifstofa fjármála

Upplýsinga-
tæknideild

Rekstrardeild

Ræstimiðstöð

Eldhús

Öryggismál

Starfsmannþjónusta

Bráða- og þróunarsvið

Bráðalækningar

Bráðamóttaka

Myndgreininga-
lækningar

Myndgreiningadeild

Rannsóknadeild

Menntun og vísindi

Sjúkraflutninga-
skólinn

Gæðamál

Forstjóri

Læknaráð

Hjúkrunarráð

Handlækningasvið

Skurðlækningar

Skurðlækningadeild

Bæklunarskurð-
lækningar

Skurðstofa og
sótthreinsun

Svæfinga- og gjör-
gæslulækningar

Svæfingadeild

Fæðinga- og kven-
sjúkdómalækningar

Gjörgæsludeild

Læknaritaramiðstöð

Fæðingadeild

Lyflækningasvið

Lyflækningar

Lyflækningadeild

Geðlækningar

Geðdeild

Endurhæfing og
öldrunarlækningar

Kristnesspítali

Barnalækningar

Barnadeild

Sjúkrahúsapótek

Almenn göngudeild

Forstjóri: Bjarni Jónasson

Framkvæmdastjórn

Forstjóri:	Bjarni Jónasson
Framkvæmdastjóri fjármálasviðs:	Guðmundur Magnússon
Framkvæmdastjóri hjúkrunar:	Hildigunnur Svavarsdóttir
Framkvæmdastjóri lækninga:	Sigurður E. Sigurðsson
Framkvæmdastjóri bráða- og þróunarsviðs:	Hildigunnur Svavarsdóttir
Framkvæmdastjóri handlækningasviðs:	Sigurður E. Sigurðsson
Framkvæmdastjóri lyflækningasviðs:	Alice H. Björgvinsdóttir

Starfsmannþjónusta

Mannauðsstjóri:	Hulda Ringsted
-----------------	----------------

Stjórnendur starfseininga:

Fjármála- og rekstrarsvið:

Eldhús:	Anna Rósa Magnúsdóttir, forstöðumaður
Ræstimiðstöð:	Erla Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður
Skrifstofa fjármála:	Rannveig Jóhannsdóttir, forstöðumaður
Rekstrardeild:	Gunnar Líndal Sigurðsson, forstöðumaður
Upplýsingatæknideild:	Árni Kár Torfason, forstöðumaður

Bráða- og þróunarsvið:

Deild mennta og vísinda:	Laufey Hrólfsdóttir, forstöðumaður
Myndgreiningadeild:	Elvar Örn Birgisson, forstöðugeislafræðingur
Myndgreiningalækningar:	Orri Einarsson, forstöðulæknir frá 1/10 Vibhuti Kalia, forstöðulæknir til 30/9
Rannsóknadeild:	Steina Jóna Hermannsdóttir, stg. forst.lífeindafr. frá 1/9 Guðlaug H. Ísaksdóttir, forstöðulífeindafr. í leyfi frá 1/10
Bráðalækningar:	Jón Pálmi Óskarsson, forstöðulæknir
Bráðamóttaka:	Birgitta Hafsteinsdóttir, stg. forst.hjúkrunarfr. frá 26/11 Kristín Ósk Ragnarsdóttir, forst.hjúkrunarfr. í leyfi frá 26/11

Handlækningasvið:

Bæklunarskurðlækningar:	Jónas Logi Franklín, forstöðulæknir
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar:	Alexander Kr. Smáráson, forstöðulæknir
Fæðingadeild:	Ingibjörg H. Jónsdóttir, forstöðuljósmóðir
Læknaritaramiðstöð:	Guðrún Jóhannesdóttir, stg. forst.læknaritara frá 1/10 Unnur I. Gísladóttir, forstöðulæknaritari í leyfi frá 1/10
Skurðlækningadeild:	Anna Lilja Filipsdóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur
Skurðlækningar:	Helgi Sigurðsson, forstöðulæknir frá 10/8 Lýður Ólafsson, forstöðulæknir til 9/8

Skurðstofa og sóttþreinsun:
Svæfingadeild:
Gjörgæsludeild:
Svæfinga- og gjörgæslulækningar:

Anna Margrét Tryggvadóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur
Sólveig Björk Skjaldardóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur
Brynja Dröfn Tryggvadóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur
Oddur Ólafsson, forstöðulæknir

Lyflækningasvið:

Almenn göngudeild:
Barnadeild:
Barnalækningar:
Endurhæfing og öldrunarlækningar:
Geðdeild:
Geðlækningar:
Kristnesspítali:
Lyflækningadeild:
Lyflækningar:

Inga Margrét Skúladóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur
Aðalheiður Guðmundsdóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur
Andrea Andrésdóttir, forstöðulæknir
Arna Rún Óskarsdóttir, forstöðulæknir
Bernard Gerritsma, forstöðuhjúkrunarfræðingur
Helgi Garðar Garðarsson, forstöðulæknir
Kristín Margrét Gylfadóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur
Þóra Ester Bragadóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur
Guðjón Kristjánsson, forstöðulæknir

Fastanefndir og ráð:

Áfallateymi:

Eftirlitsnefnd með aðgengi að og notkun á sjúkraskrá:
Endurlífgunarráð:
Fræðsluráð:
Gæðaráð:
Hjúkrunarráð:
Jafnréttisnefnd:
Lyfjanefnd:
Læknaráð:
Nýtingarnefnd húsnæðis:
Siðanefnd:
Skurðstofunefnd:
Stuðningsteymi starfsmanna:
Sýkingavarnanefnd:
Umhverfisráð:
Útskriftarteymi:
Vísindaráð:
Vísindasjóður:
Öryggisnefnd:

Aðalheiður Sigfúsdóttir, formaður frá 1/10
Guðrún Eggertsdóttir, formaður til 30/9
Oddný Stella Snorradóttir, formaður

Katrín Ösp Stefánsdóttir, formaður
Hulda Ringsted, formaður
Oddur Ólafsson, formaður
Sólveig Tryggvadóttir, formaður
Þórir Börkur Þórisson, formaður
Margrét Vilhjálmisdóttir, formaður
Ragnheiður Halldórsdóttir, formaður
Gunnar Líndal Sigurðsson, formaður
Stefán B. Sigurðsson, formaður
Oddur Ólafsson, formaður
Guðrún Eggertsdóttir, formaður
Sigurður Heiðdal, formaður
Gunnar Líndal Sigurðsson, formaður
Ragnheiður Halldórsdóttir, formaður
Alexander Kr. Smáráson, formaður
Rannveig Jóhannsdóttir, formaður
Helgi Haraldsson, formaður

Vísindarannsóknir hér á landi eiga að vera sterk stöð í íslensku heilbrigðiskerfi og standast alþjóðlegan samanburð að gæðum og umfangi. Eins og fram kemur í heilbrigðisstefnu til 2030, hafa vísindarannsóknir þýðingarmikið hlutverk í þróun heilbrigðisþjónustu sem liður í menntun heilbrigðisstarfsfólks og til að skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk í öllum heilbrigðisstéttum. Mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á síðustu tveimur árum til að styðja og styrkja rannsóknainnvíði á SAK. Nýr forstöðumaður deildar mennta og vísinda var ráðinn 2018 og hefur áhersla deildarinnar breyst töluvert og er enn í þróun. Nú er áhersla lögð á að vinna að framgangi vísinda og rannsókna með því að skapa svigrúm og frjótt umhverfi til vísindastarfa. Einnig að efla upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir þá, sem leggja stund á rannsóknir og veita aðgang að nýjustu og bestu þekkingu og fræðslu í heilbrigðisfræðum.

Tvö mikilvæg verkefni á þessu sviði sem deild mennta og vísinda skipulagði árin 2019 og 2020 voru að vinna að uppfærði vísindastefnu sjúkrahússins og halda utan um vinnu starfshóps um háskólasjúkrahús. Þessi verkefni voru gerð í góðu samstarfi við vísindaráð SAK.



Laufey Hrólfsdóttir forstöðumaður.

Uppfærð vísindastefna og aðgerðaáætlun til þriggja ára

Í upphafi árs 2020 samþykkti framkvæmdastjórn uppfærða [vísindastefnu](#) og nýja aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára. Markmið sjúkrahússins er að byggja upp öflugara rannsóknsumhverfi, efla rannsóknainnvíði og rannsóknasamstarf. Í stefnunni kemur fram að stjórnendur sjúkrahússins vilja skapa góðar vinnuaðstæður fyrir rannsóknir. Nauðsynlegt er að veita meira svigrúm til rannsókna og efla aðgengi að stoðþjónustu til að auka gæði umsókna og vísindagreina. Stærð og landfræðileg staðsetning sjúkrahússins gefur góða möguleika á þverfaglegu samstarfi og rannsóknum á heilbrigðismálum þeirra sem búa í dreifðum byggðum landsins. Hér er sóknarfæri og í nýrri stefnu SAK kemur fram að það sé mikilvægt að vinna markvisst að því að efla frekar samstarf við aðrar vísindastofnanir, háskóla og heilsugæslu. Einnig þarf að vinna að bættu samstarfi við fyrirtæki á sviði heilbrigðisvísinda, t.d. í tengslum við hagnýt rannsóknaverkefni sem leiða til nýsköpunar. Vel menntað starfsfólk er lykill að árangri í vísindastarfi og í vísindastefnunni var lögð áhersla á að kortleggja þyrfti betur sérfræðiþekkingu, vinna að þróun sérnáms og lyfta framhaldsnámi betur upp. Áhersla var lögð á að styðja betur við starfsfólk í doktorsnámi og meistaranámi með ákveðnum námsstöðum við deild mennta og vísinda. Þessar stöður voru í fyrsta skiptið auglýstar á árinu og tveir starfsmenn nýttu sér þetta svigrúm til að sinna framhaldsnámi sínu samhliða vinnu.

Fjöldi birtinga í vísindatímaritum hefur vaxið á undanförunum árum og starfsfólk sjúkrahússins kynnir markvisst rannsóknaniðurstöður sínar á innlendum og erlendum ráðstefnum. Aukning hefur verið í rannsóknum sem framkvæmdar eru á SAK eða í samstarfi við starfsfólk sjúkrahússins. Starfsfólkið hefur aðgang að vísindasjóði SAK, en til marks um hve vísindastarf hefur aukist, hafa aldrei jafn margar umsóknir borist sjóðnum og úthlutun aldrei verið stærri eins og á þessu ári. Af sex umsóknum fengu fjórar styrk.

Þetta er gleðiefni en mikilvægt er að hafa í huga að vísindastarf þarf að vera með skilgreinda fjármögnun og efla þarf vísindasjóð svo hægt sé að styðja við þessa góðu þróun. Í samræmi við stefnu Landspítalans er stefnt að því að 3% af veltu verði sérmerkt vísindastarfi og að því marki verði náð í áföngum næstu árin. Þar af skulu 0,2% af veltu fara í vísindasjóðinn. SAK hefur metnað til að veita framúrskarandi þjónustu við sjúklinga sem byggð er á bestu þekkingu hvers tíma. Það felur í sér að styrkja verður



vísindarannsóknir og þekkingarleit eins og mögulegt er. Skilgreind fjármögnun er nauðsynleg til að standa undir markmiðum vísindastefnunnar og til að vinna að því að meðferð sjúklinga, kennsla og rannsóknir séu samþætt í daglegum störfum á sjúkrahúsinu.

SAK verði skilgreint sem háskólasjúkrahús

SAK hefur sett sér það markmið að verða skilgreint sem háskólasjúkrahús í framtíðinni. Framkvæmdastjóri bráða- og þróunarsviðs skipaði starfshóp á árinu 2019 sem hefur það markmið að skoða málið út frá öllum sjónarhornum og meta fýsileika þess að fá samþykki sem háskólasjúkrahús. Eftirfarandi aðilar taka þátt í þessari vinnu: Laufey Hrólfsdóttir, forstöðumaður deildar mennta og vísinda og lektor við Heilbrigðisvísindastofnun HA (HHA), formaður hópsins; Alexander Smáráson, forstöðulæknir fæðinga- og kvensjúkdómalækninga og prófessor við HHA; Snæbjörn Guðjónsson, sérfræðingur í geðhjúkrun; Árun K. Sigurðardóttir prófessor við heilbrigðisvísindasvið HA og sérfræðingur á deild mennta og vísinda; Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, dósent og forseti heilbrigðisvísindasviðs HA; Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus og starfsmaður hópsins er Ingveldur Tryggvadóttir upplýsingafræðingur. Meginverkefni starfshópsins var að safna gögnum um þær kröfur sem gerðar eru til sjúkrahúss svo það geti kallað sig háskólasjúkrahús, meta SAK út frá þeim kröfum og leggja fram mat á getu þess til að verða háskólasjúkrahús.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 er Sjúkrahúsið á Akureyri skilgreint sérstaklega sem kennslusjúkrahús og í uppfærðum lögum sem samþykkt voru á Alþingi sumarið 2020 er það óbreytt. Það er mat vinnuhópsins að löggjöfin hefti möguleika stofnunarinnar á frekari framþróun. Fyrri skilgreining á hlutverki SAK sem kennslusjúkrahús (21. gr. upphaflegu laganna) miðaðist við stöðu sjúkrahússins fyrir setningu laganna árið 2007. Á þessum 13 árum hefur starfsemin orðið mun umfangsmeiri, meðal annars á göngu- og dagdeildum ásamt vísindastarfsemi og kennsluhlutverki.

Vinnuhópurinn bar saman skilgreiningar um háskólasjúkrahús og kennslusjúkrahús og fór yfir hlutverk LSH og SAK skv. 20. og 21 gr. í upphaflegu lögunum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og þykir ljóst að SAK uppfyllir þær kröfur sem þar voru settar fram með tilliti til kennslu í grunn- og framhaldsnámi til að öðlast skilgreiningu háskólasjúkrahúss.

Vísindastarf er einnig vaxandi á SAK. Ákveðnir starfsmenn sjúkrahússins, sem uppfylla hæfiskröfur háskóla, gegna störfum prófessora, dósentna og lektora við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Ennfremur er virkt vísindasamstarf við erlenda háskóla/háskólasjúkrahús.

Drög að breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007

Þann 18.09.2019 komu fram drög að breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Vinnuhópurinn sendi inn tvær umsagnir í tengslum við þessa vinnu og fundaði með velferðarnefnd Alþingis um málið. Í þessari vinnu var lögð áhersla á að háskólahlutverk SAK yrði viðurkennt og skilgreiningin í lögnum um störf sjúkrahússins væri rétt og í samræmi við starfsemi þess í dag. Einnig lagði hópurinn til að nákvæm skilgreining fyrir háskólasjúkrahús og kennslusjúkrahús yrði sett fram og að það kæmi ekki fram í lögnum sjálfum hvort ákveðið sjúkrahús væri háskólasjúkrahús eða kennslusjúkrahús, það væri frekar sett fram í sérstakri reglugerð. Til að stuðla að framþróun er eðlilegt að bæði sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir sem sinna heilbrigðisþjónustu eigi kost á því að fá viðurkenningu á kennslu- og vísindahlutverki sínu og að ferlið sé faglegt, gegnsætt og sanngjarnt. Því lagði hópurinn til að stofnuð yrði formleg matsnefnd sem myndi meta háskóla- og kennsluhlutverk sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana landsins.

Því miður náðist þetta ekki í gegn núna en í nefndaráliti velferðarnefndar kom fram að meirihlutinn styddi það að þörf væri á að skilgreina betur skilyrði sem þurfi að vera uppfyllt til að stofnun geti starfað sem háskólasjúkrahús eða háskólaeining (sjá á [vef Alþingis](#)). Í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 kemur fram að almennt sé talið að grundvöllur fyrir starfsemi háskólasjúkrahúss sé ein til tvær milljónir íbúa, þ.e. það upptökusvæði sem sjúkrahúsið taki til. Eðli málsins samkvæmt er slíkt svæði ekki til á Íslandi. Hér kunna að skapast þær aðstæður að fleiri en bara LSH gætu fengið þessa viðurkenningu

Ný ákvæði um hlutverk og starfsemi LSH og SAK

a. (7. gr. a.)

Landspítali.

Á Landspítala er veitt annars og þriðja stigs heilbrigðisþjónusta, m.a. á göngu- og dagdeildum. Hlutverk Landspítala er m.a. að vera aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús, annast kennslu nema í grunn- og framhaldsnámi og veita háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgreinum. Landspítali stundar vísindarannsóknir á heilbrigðisviði og gerir fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við háskóla auk þess að stunda og veita aðstöðu til vísindarannsókna og starfrækja blóðbanka.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um hlutverk og starfsemi Landspítala og þá heilbrigðisþjónustu sem þar skal veitt.

b. (7. gr. b.)

Sjúkrahúsið á Akureyri.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri skal veitt annars stigs heilbrigðisþjónusta en að auki þriðja stigs heilbrigðisþjónusta, m.a. á göngu- og dagdeildum. Sjúkrahúsið á Akureyri og Landspítali skulu hafa með sér samráð um veitingu þriðja stigs heilbrigðisþjónustu. Hlutverk Sjúkrahússins á Akureyri er m.a. að vera kennslusjúkrahús, varasjúkrahús Landspítala, annast kennslu nema í grunn- og framhaldsnámi, taka þátt í að veita háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgreinum í samstarfi við menntastofnanir og aðrar heilbrigðisstofnanir og gera fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við háskóla auk þess að stunda og veita aðstöðu til vísindarannsókna.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um hlutverk og starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri og þá heilbrigðisþjónustu sem þar skal veitt.

Það er ákveðinn áfangasigur að háskólahlutverk SAK komi nú skýrt fram í lögnum. Það er þó enn mat hópsins að sjúkrahúsið sé komið lengra í þessu ferli og að skilgreining á kennslusjúkrahúsi eigi ekki lengur við. Hópurinn telur þó að fara þurfi í ákveðnar aðgerðir til að styrkja og styðja betur við vísindastarf sjúkrahússins og hefur unnið að aðgerða- og tímaáætlun sem verður skilað inn til framkvæmdastjórnar á haustmánuðum árið 2020.



Starfshópur sem metur stöðu SAK sem háskólasjúkrahús.

Frá vinstri: Stefán B. Sigurðsson, Alexander Smáráson, Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, Árun K. Sigurðardóttir og Snæbjörn Guðjónsson. Á innfelli myndinn er Laufey Hrólfsdóttir.

Starfshópur um vísindastefnu á heilbrigðisviði til 2030

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp 2018 sem hafði það verkefni að ljúka vinnu fyrri nefndar við gerð stefnu í vísindarannsóknum á heilbrigðisviði og vinna aukþes tillögurað að gerðaráætlun á grundvelli stefnunnar. Alexander Smárason, forstöðulæknir fæðinga- og kvensjúkdómalækninga, Laufey Hrólfsdóttir, forstöðumaður deildar MV og Árún K. Sigurðardóttir, prófessor við heilbrigðisvísindasvið HA og sérfræðingur við deild MV á SAK, tóku þátt í þessari vinnu.

Stefnan var birt haustið 2019, en aðgerðaáætlunin byggir á því að komið verði á fót einu sameiginlegu þekkingarsetri eða samráðsvettvangi sem hlaut vinnuheimið Miðstöð heilbrigðisvísinda. Hópurinn lagði áherslu á að jafna aðstöðu vísindamanna á landsvísi og nýta samlegðaráhrif af því að standa sameiginlega að ýmsum nauðsynlegum innviðum til að styðja við öflugt vísindastarf. Þar er helst átt við sameiginlegt heilbrigðisvísindabókasafn, stuðning við öflun alþjóðlegra styrkja og eflingu tengslanets með upplýsingaveitu til að auka tengsl og þverfaglega samvinnu. Mikil áhersla var einnig lögð á að nýr samkeppnissjóður á sviði heilbrigðisvísinda myndi verða stofnsettur.



Starfshópur um vísindastefnu á heilbrigðisviði, talið frá vinstri: Helga Ágústsdóttir, sérfræðingur, formaður, tilnefnd af velferðarráðuneyti; Alexander Smárason, tilnefndur af Sjúkrahúsinu á Akureyri; Laufey Hrólfsdóttir, tilnefnd af Sjúkrahúsinu á Akureyri; Árún K. Sigurðardóttir, tilnefnd af Háskólanum á Akureyri; Einar Stefán Björnsson, tilnefndur af Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands og Ólafur Baldursson, tilnefndur af Landspítala. Á myndina vantar Emil L. Sigurðsson, tilnefndur af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Vísindadagur SAK og HHA 10 ára

Vísindadagur Sjúkrahússins á Akureyri og Heilbrigðisvísindastofnunar Háskólans á Akureyri er haldinn einu sinni á ári en þar eru rannsóknir starfsmanna SAK og HHA kynntar auk þess sem veggspjöld er lýsa niðurstöðum vísindaverkefna eru til sýnis. Á árinu var 10 ára afmæli vísindadagsins fagnað og var þessi árlega uppskeruhátíð vísindastarfs einstaklega vel heppnuð. Gróskumikið og vaxandi vísindastarf sjúkrahússins var kynnt í formi erinda og veggspjalda en ríflega 110 manns hlýddu á dagskrána.

Alls voru ellefu erindi flutt á deginum. Viðfangsefnin voru mörg og mjög ólík, til að mynda var fjallað um rannsóknir sem tengjast geðlyfjanotkun á hjúkrunarheimilum á landsbyggðinni, sjó- og hreyfifeiki og skimun fyrir óheilsusamlegu fæðumynstri á meðgöngu.

Tveir doktorsnemar fluttu erindi um vísindaverkefni sín, þ.e. þau Berglind Aðalsteinsdóttir, hjartalæknir á Landspítala og Arnar Bragi Ingason, kandídat á SAK og doktorsnemi við læknadeild HÍ. Verkefni Berglindar fjallaði um arfgerð og svipgerð ofvaxtarhjärtavöðvakvillaaísländienumsjónarkennari og leiðbeinandi var dr. Gunnar Þór Gunnarsson, sérfræðingur í hjartalækningum og lyflækningum við SAK og lektor við Læknadeild HÍ. Erindi Arnars Braga fjallaði aftur á móti um tengsl lyfsins *Rivaroxaban* við hærri tíðni meltingarvegsblæðinga miðað við önnur vítamín K-óháð blóðþynningarlyf. Verkefni hans er unnið við læknadeild HÍ.

Einar S. Björnsson, prófessor í almennum lyflækningum og forstöðumaður fræðasviðs lyflækninga við læknadeild Háskóla Íslands, hélt gestafyrirlestur. Einar hefur víðtæka menntun í lyflækningum og á að baki glæsilegan vísindaferil. Hann tók þátt í að vinna að stefnu í rannsóknum innan heilbrigðisvísinda á Íslandi ásamt fulltrúum frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Landspítala, Háskólanum á Akureyri og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Í fyrirlestri sínum fór hann yfir þessa vinnu og meginatriði stefnunnar.



Arnar Bragi Ingason, kandídat og doktorsnemi.



Eva Hilmarsdóttir hjúkrunarfræðingur tekur við hvatningarverðlaunum.

Sú nýbreytni var á vísindadeginum í ár að veita starfsmanni SAK og ungum vísindamanni hvatningarverðlaun fyrir vel unnin vísindastörf á árinu. Eva Hilmarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á SAK, hlaut verðlaunin í ár fyrir meistaraverkefni sitt sem fór fram á sjúkrahúsinu. Rannsókn Evu var slembuð samanburðarrannsókn þar sem nýtt var smáforrit sem viðbót við göngudeildarmeðferð fólks með sykursýki af tegund 2. Það er markmið vísindaráðs að þessi hvatningaverðlaun verði eftirleiðis veitt árlega og að þau verði í formi ferðastyrks. Starfsfólks SAK, sem er í virku námi, og námslæknar með erindi á vísindadeginum eiga möguleika á að fá þennan styrk.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri

Heilbrigðisvísindastofnun HA (HHA) er vísindaleg rannsóknastofnun sem til var stofnað með ramma-samningi um samstarf milli Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) nú Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og Háskólans á Akureyri (HA) 2002. Með þessum samningi vildu SAK og HA efla kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum með því að auka samstarf og gera þessa þætti í starfi stofnananna sýnilegri.

Meginhlutverk HHA eru eftirfarandi:

- Að vera sameiginlegur vettvangur til rannsókna fyrir starfsmenn sjúkrahússins og HA, svo og annarra heilbrigðisstofnana eftir nánara samkomulagi við þær.
- Að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í heilbrigðisvísindum sem unnar eru við HA, sjúkrahúsið og aðrar heilbrigðisstofnanir.
- Að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi í heilbrigðisgreinum aðstoð við rannsóknastörf eftir því sem kostur er.
- Að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaaðila á sviði heilbrigðisvísinda og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf, e. að sinna þjónustuverkefnum í rannsóknum á heilbrigðissviði.
- Að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í heilbrigðisvísindum.
- Að veita fræðslu og ráðgjöf varðandi málefni tengd heilbrigðisþjónustu.
- Að standa fyrir og stuðla að því að haldin séu málþing og ráðstefnur á sviði heilbrigðisvísinda.
- Að halda eða stuðla að því að haldin séu námskeið og fyrirlestrar.



Stjórn HHA. Efri röð frá vinstri: Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar SAK; Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs HA; Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga SAK; Ásdís Ýr Arnardóttir, fyrrverandi forstöðumaður HHA og Sigfríður Inga Karlsdóttir, dósent við hjúkrunarfræðideild HA.

Neðri röð frá vinstri: Bjarni Jónasson, forstjóri SAK og Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA og formaður stjórnar HHA 2018-2019.

Þeir starfsmenn SAK, sem gegna aðalstarfi á sjúkrahúsinu og sinna kennslu og rannsóknum, geta sótt um mat á hæfi til að hljóta akademíska nafnbót við HHA. Einnig eru fjórar skilgreindar stöður við HHA fyrir starfsmenn SAK sem uppfylla hæfniviðmið háskólakennara. Þessar stöður eru auglýstar reglulega og eru til fjögurra ára. Í þessum stöðum eru nú: Dr. Alexander Kristinn Smáráson, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir og prófessor við HHA. Dr. Björn Gunnarsson, svæfingalæknir og dósent við HHA. Dr. Laufey Hrólfsdóttir, forstöðumaður deildar mennta og vísinda og lektor við HHA og Dr. Þorvaldur Ingvarsson, bæklunarskurðlæknir og prófessor við HHA.

Þessum stöðum fylgir að lágmarki 20% vinnu-skylda við heilbrigðisvísindasvið HA. Stöðuhlutfallið, 20%, er hluti af stöðuhlutfalli starfsmanna við SAK og er gert ráð fyrir að það rúmist innan starfs viðkomandi á SAK. Forstöðumaður leitast við að hafa vinnufyrirkomulag starfsmanns þannig að hann geti sinnt kennslu og rannsóknum allt að einn dag í viku að jafnaði. Hins vegar gengur það ekki alltaf eftir og hefur því yfirmaður einingarinnar heimild til að veita starfsmanni leyfi frá störfum SAK í allt að tvær vikur á ári vegna ísindastarfa sem falla til utan dagvinnutíma.

Rannsóknavirknin þarf að vera sýnileg í formi birtingu vísindagreina/erinda á vísindaráðstefnum svo hægt verði að sækja um þessar tvær vikur vegna vísindastarfa. Samhliða vegferð SAK í að verða háskólasjúkrahús, er markmiðið að eyrnamerkja ákveðin stöðubrot sem verða beinlínis bundin við kennslu og rannsóknarskyldu. Það verður gert um leið og svigrúm skapast til aukinna stöðuheimilda. Í vísindastefnu SAK og aðgerðaáætlun vinnuhóps um háskólasjúkrahús er lögð áhersla á að efla þetta samstarf enn frekar. Mikilvægt er að stjórn HHA fundi reglulega og setji fram langtímastefnu. Í dag eru þessar sameiginlegu stöður eingöngu í boði fyrir starfsfólk SAK en framtíðarsýn vinnuhóps um háskólasjúkrahús felur í sér að starfsfólk HA geti einnig sótt um stöður við HHA. Hlutverk þessara einstaklinga væri að sinna rannsóknum, leiða kennslu á fræðasviðinu og vinna að þróun klínískrar þjónustu innan ákveðinna sviða á SAK.

Framhaldsnám meðal starfsfólks SAK

Á SAK hefur lengi farið fram menntun nemenda í heilbrigðisvísindagreinum og hefur háskólahlutverk þess farið vaxandi. Samstarf um kennslu og rannsóknir byggir m.a. á samningi Háskóla Íslands (HÍ) og SAK sem undirritaður var 29. apríl 2003 og samningi við HA sem undirritaður var 7. október 2002.

Á undanförunum árum hefur mikil þróun átt sér stað í uppbyggingu sérnáms lækna á Íslandi. Lögð hefur verið áhersla á þróun sérnáms í öllum stærstu greinum lækninga í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla. Sjúkrahúsið á Akureyri hefur tekið þátt í þessari þróun en mats- og hæfisnefnd, skv. reglugerð nr. 467/2015 um starfs- og sérfræðinám lækna, hefur viðurkennt SAK sem stofnun fyrir framhaldsnám í heimilislækningum, lyflækningum og samþættu kjarnanámi í bráðagreinum lyflækninga. Alþjóðlegir samstarfsaðilar í tengslum við sérnám í lyflækningum er Konunglega breska lyflæknafélagið (Royal College of Physicians í Bretlandi). Sú stofnun er ein sú virtasta í heimi á sínu sviði. Samstarfið felur meðal annars í sér að aðgang að marklýsingu, námefni, skilgreindum námskröfum og rafrænu skráningarkerfi þeirra.

Í dag hafa yfir 40 sérfræðingar á SAK sótt námskeið Royal College of Physicians fyrir handleiðara um klíniska handleiðslu. Formlegt samstarf milli SAK og LSH varðandi sérnám var formgert með undirritun samstarfssamning í lok árs 2019. Á þessu ári hefur einnig verið unnið að uppfærðum samningi milli SAK og heilsugæslunnar í tengslum við sérnám heimilislækna. Yfirumsjón með umsýslu og framkvæmd þessa samninga á SAK fer deild mennta og vísinda í umboði framkvæmdastjóra lækninga.

Hjúkrunarfræðingar á SAK sem hafa fengið sérfræðiviðurkenningu sem sérfræðingar í hjúkrun hafa farið í gegnum klíniska hluta viðurkenningar á SAK.

Sérfræðiviðurkenningu má einungis veita þeim hjúkrunarfræðingum sem lokið hafa meistaranámi og tveggja ára starfi undir leiðsögn eftir lok meistaranáms. Starfssvið sérfræðings í hjúkrun skiptist í fimm meginsvið; hjúkrun, fræðslu/kennslu, ráðgjöf, rannsóknir, gæða og þróunarstörf. Á leiðsagnartíma er gert ráð fyrir að hjúkrunarfræðingurinn vinni að verkefnum

úr öllum fimm sviðunum. Sérfræðingur í hjúkrun er frumkvöðull

og leiðtogi í klínísku starfi sem samþættir og nýtir fræðilega og

gagnreynda þekkingu í starfi sínu. Í dag eru í heildina sex hjúkrunarfræðingar á sjúkrahúsinu sérfræðingar í hjúkrun og hefur Árun K. Sigurðardóttir prófessor við Heilbrigðisvísindasvið HA og starfsmaður deildar MV haft yfirumsjón með þessum hópi.

Í vísindastefnu SAK til 2023 er lögð áhersla á að kortleggja betur sérfræðiþekkingu á sjúkrahúsinu, vinna að þróun sérnáms á öllum sviðum og kynna betur tækifærin sem felast í frekara framhaldsnámi.

Á SAK er hægt að stunda framhaldsnám í heimilislækningum, lyflækningum og samþættu kjarnanámi í bráðagreinum lyflækninga.



Eyrún Björg Þorfinnsdóttir, stundar meistaranám í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri.

Ég útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri árið 2002. Árið 2010 lauk ég diplómanámi í gjörgæsluhjúkrun frá Háskóla Íslands og árið 2015 diplómanámi í svæfingahjúkrun, einnig frá Háskóla Íslands.

Til að bæta við mig meistaragráðu skráði ég mig í meistaranám við Háskólann á Akureyri haustið 2019 en svæfinganámið fæst metið sem val upp í meistaranám í heilbrigðisvísindum. Rannsóknarverkefnið mitt fjallar um gátlista í bráðaaðstæðum á skurðstofu og felur í sér viðhorfskönnun meðal starfsfólks, auk innleiðingar gátlista til notkunar í bráðaaðstæðum á skurðstofum SAK. Leiðbeinandi minn í meistaranámi er dr. Árún K. Sigurðardóttir.

Í diplómanámi mínu var veitt námsleyfi frá SAK, sem auðveldaði mér til muna að sinna náminu meðfram vinnu. Nú í meistaranámi hef ég verið í 20% námsstöðu við deild mennta og vísinda frá janúar 2020, sem gerir mér kleift að stunda námið mitt meðfram störfum mínum á SAK.

Rannsóknarverkefni mitt snýr beint að starfsemi SAK og verður vonandi til að bæta öryggi og meðferð sjúklinga. Með því að veita starfsfólki sínu námsstöður/námsleyfi tel ég að stofnunin sé að styrkja starfsemi sína, þar sem það hvetur starfsmenn til að leita sér viðbótarmenntunar sem svo klárlega nýtist stofnuninni.

Framtíðarmarkmið mín fela í sér áframhaldandi störf við svæfingahjúkrun. Ég tel ótvírætt að meistaranámið muni gera mér kleift að verða betri svæfingahjúkrunarfræðingur, þar sem það hvetur mig til að dýpka þekkingu mína á sviðinu, sem aftur nýtist mér í daglegum störfum.

Gunnhildur H Gunnlaugsdóttir. sérfræðingur í skurðhjúkrun og rannsakandi við Sjúkrahúsið á Akureyri.




Ég lauk BS-námi í hjúkrunarfræðum frá Háskólanum á Akureyri í júní 2001. Hafði þá unnið sem þroskaþjálfari á Íslandi og í Kaupmannahöfn frá útskrift 1986. Ég lauk síðan diplómanámi í skurðhjúkrun í febrúar 2005 frá Háskóla Íslands. Í júní 2012 lauk ég mæistaránámi í heilbrigðisvísindum M.Sc. frá Háskólanum á Akureyri og fékk síðan sérfræðingsleyfi í skurðhjúkrun frá Embætti landlæknis í júní 2015. Ég hef starfsleyfi sem hjúkrunarfræðingur á Íslandi, Noregi og Danmörku.

Rannsóknarverkefni mitt í meistaranáminu var: „Eflandi fræðsla sjúklinga sem fara í gerviliðaaðgerð: Samanburður á væntri og fenginni fræðslu og áhrif á heilsutengd lífsgæði“. Rannsóknin var hluti af fjölþjóðlegri rannsókn á sjúklingafræðslu undir stjórn finnskra fræðimanna. Rannsóknin var meginleg og aðferð lýsandi framvirkrar samanburðarrannsóknar var notuð. Leiðbeinandi minn var dr. Árún K. Sigurðardóttir.

Sem stendur vinn ég að rannsókn með hjúkrunarfræðingum á skurðlækningadeild sem hluta að störfum mínum sem sérfræðingur í hjúkrun. Rannsóknin ber heitið „ Líðan sjúklinga eftir gerviliðaaðgerð á hné eða mjöðm fyrstu 10 til 14 dagana eftir útskrift og sex vikum eftir aðgerð“. Meginleg aðferðarfræði verður notuð. Um er að ræða framvirka lýsandi rannsókn með þremur mælingatímum, sem eru við innritun, 10 til 14 dögum eftir útskrift og 6 vikum eftir aðgerð. Markmið rannsóknarinnar er að meta áhrif þeirra breytinga sem hafa verið gerðar vegna flýttibatameðferðar sjúklinga sem gangast undir gerviliðaaðgerð á mjöðm eða hné. Niðurstöðurnar verða notaðar af hjúkrunarfræðingum kurðlækningadeildar til þess að leggja mat á hvort hópur sjúklinga nái ekki góðum bata, líði ekki nógu vel og/eða búi ekki við viðunandi heilsutengd lífsgæði í kjölfar liðskiptaaðgerða. Samkvæmt fræðilegri úttekt má gera ráð fyrir að svo sé, og ætlunin er að nota niðurstöðurnar til þess að bæta hjúkrun þessara sjúklinga.

Rannsóknin hefur hlotið styrk frá vísindasjóði SAK sem gerir mér kleift að sækja um launalaust leyfi í tvo mánuði til að vinna úr niðurstöðum.

ÁRSREIKNINGUR 2019



Afkomuyfirlit ársins 2019

	Hlutfall		Hlutfall		Visit.
	2019	%	2018	%	
Tekjur					
Seld þjónusta, verksala.....	726.089.255	8,0	715.605.156	8,3	1,01
Seld vistun og fæði	107.184.803	1,2	101.908.344	1,2	1,05
Leigutekjur.....	49.458.260	0,5	55.280.710	0,6	0,89
Sala eigna, vörusala og ýmsar tekjur.....	42.255.848	0,5	18.849.664	0,2	2,24
Framlög ríkissjóðs.....	7.971.798.768	88,1	7.601.760.318	88,1	1,05
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	148.547.983	1,6	133.486.995	1,5	1,11
Tekjur samtals	9.045.334.917	100,0	8.626.891.187	100,0	1,05

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	6.977.428.905	76,1	6.588.270.007	75,5	1,06
Rekstrarvörur, orka, matvæli og lín.....	258.758.166	2,8	258.336.860	3,0	1,00
Sérgreindar rekstrarvörur og áhöld.....	667.350.375	7,3	619.206.635	7,1	1,08
Ferðakostn., akstur og ýmis sérfr.þjón	669.083.686	7,3	669.445.687	7,7	1,00
Leigugjöld og verkkaup.....	363.641.340	4,0	386.529.749	4,4	0,94
Fjárm. kostn., bætur, trygg., opinber gjöld..	83.451.614	0,9	68.712.502	0,8	1,21
Afskriftir	148.547.983	1,6	133.486.995	1,5	1,11
	9.168.262.069	100	8.723.988.435	100	1,05

Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði..... (122.927.152) (97.097.248)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....

Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	1.339.856		1.724.047		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur....	-914.590		-384.859		
	425.266		1.339.188		

Afkoma ársins (neikvæð)..... (122.501.886) (95.758.060)

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	2019	2018
Fastafjármunir		
Óefnislegar eignir.....	2.016.959	3.988.496
<u>Varanlegir rekstrarfjármunir:</u>		
Áhöld, tæki og búnaður.....	778.655.370	762.138.421
Flutningatæki.....	17.874.459	20.881.081
Aðrar eignir.....	2.598.504	2.997.264
Verk í vinnslu	95.133.093	792.066
	<u>894.261.426</u>	<u>786.808.832</u>
Fastafjármunir samtals	<u>896.278.385</u>	<u>790.797.328</u>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur.....	112.738.682	118.535.874
Tengdir aðilar (ríkissjóður og A-hluta stofnanir)	824.372.648	603.264.968
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11.975.787	44.196.811
Birgðir	54.420.139	65.109.070
Handbært fé	42.577.519	197.444.784
	<u>1.046.084.775</u>	<u>1.028.551.507</u>
Veltufjármunir samtals	<u>1.046.084.775</u>	<u>1.028.551.507</u>
Eignir samtals	<u>1.942.363.160</u>	<u>1.819.348.835</u>
Eigið fé og skuldir		
Höfuðstóll		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(172.766.581)	(77.008.521)
Breyting v/orlofsskuldbindinga		
Tekjuhalli ársins	(122.501.886)	(95.758.060)
	<u>(295.268.467)</u>	<u>(172.766.581)</u>
Höfuðstóll í árslok		
Eigið fé samtals	<u>(295.268.467)</u>	<u>(172.766.581)</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Tengdir aðilar	67.283.179	119.264.954
Viðskiptaskuldir	254.045.257	193.614.219
Ýmsar skammtímaskuldir	914.146.891	840.304.603
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	1.002.156.300	838.931.640
	<u>2.237.631.627</u>	<u>1.992.115.416</u>
Skammtímaskuldir samtals		
Eigið fé og skuldir samtals	<u>1.942.363.160</u>	<u>1.819.348.835</u>

Sjóðstreymi ársins 2019

	2019	2018
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Rekstrarniðurstaða ársins.....	(122.501.886)	(95.758.060)
Afskriftir.....	148.547.983	133.486.995
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára.....	(148.547.983)	(133.486.995)
Söluhagnaður eigna	0	0
	<u>(122.501.886)</u>	<u>(95.758.060)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eignaliða:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur.....	38.018.216	9.424.855
Tengdir aðilar	(215.345.852)	244.505.081
Birgðir.....	10.688.931	(2.065.765)
Skammtímaskuldir.....	134.273.326	(35.928.379)
	<u>(32.365.379)</u>	215.935.792
Handbært fé frá rekstri	(154.867.265)	120.177.732
Fjárfestingahreyfingar		
Kaupverð óefnislegra eigna.....	(173.559)	(171.208)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna.....	(159.514.454)	(235.316.277)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu	(94.341.027)	(792.066)
Söluverð óefnislegra eigna.....	250.000	1.276.940
	<u>(253.779.040)</u>	<u>(235.002.611)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Tengdir aðilar	(57.743.603)	26.202.611
Fjárfestingarframlag.....	279.100.000	208.800.000
Gjafir til fjárfestingar	32.422.643	33.814.252
	<u>253.779.040</u>	<u>268.816.863</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(154.867.265)	153.991.984
Handbært fé í ársbyrjun	197.444.784	43.452.800
Handbært fé í árslok	<u>42.577.519</u>	<u>197.444.784</u>

Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila:

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Bókhald og fjármál

Bókhald Sjúkrahússins á Akureyri er fært hjá sjúkrahúsinu í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Sjúkrahúsið annast sjálft um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

Skattar

Sjúkrahúsið á Akureyri greiðir ekki tekjuskatt.

Skráning tekna

Sértekjur sjúkrahússins eru yfirleitt bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Heildarframlag ríkisins er fært í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárukalaga.

Skráning gjalda

Gjöld spítalans eru samkvæmt meginreglu bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok ársins eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði á grundvelli birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

Skammtímakröfur/Skammtímaskuldir

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útstandandi kröfum. Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildar- skuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Greiðslur til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar vegna eftirlaunaskuldbindinga voru á árinu kr. 58.150.228. Tryggingafræðileg úttekt vegna þessarar skuldbindingar liggur ekki fyrir.

Gjafafé

Á vegum sjúkrahússins er starfræktur gjafasjóður með eigin kennitölu og skipulagsskrá. Stjórn sjóðsins eru skipuð stjórnarmeðlimum Hollvinasamtaka SAK. Hlutverk sjóðsins er að taka við gjafafé sem berst sjúkrahúsinu og er því fyrst og fremst varið til kaupa á lækningatækjum og öðrum búnaði í þágu sjúklinga. Eignir sjóðsins í árslok námu 48,9 milljónum króna.

Á árinu bárust SAK gjafir að andvirði 32.422.643 kr. Þar af gáfu Hollvinasamtök SAK gjafir að andvirði 27.692.841 kr. og frá Gjafasjóði SAK bárust gjafir að andvirði 4.729.802 kr.